Breyting á aðalskipulagi
Dreifistöð raforku við Síðubraut



Gildandi skipulag



Breytt skipulag

Mkv.: 1:10.000

Bæjarstjórn Akureyrar leggur til að aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 verði breytt til þess að mögulegt verði að reisa dreifistöð raforku við Síðubraut. Breytinging er gerð skv. 2. mgr. 36. greinar skipulagslaga nr. 123/2010 með vísan í eftirfarandi áhrifamat.

Vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar iðnaðar við Rangárvelli og akstursíþróttasvæðis við Hlíðarfjallsveg þarf Norðurorka að styrkja dreifikerfi rafmagns á svæðinu. Einnig hefur verið hugað að mögulegri aukinni raforkunotkun í Hlíðarfjalli og Hálöndum. Ný dreifistöð við Síðubraut er nauðsynleg vegna þessa.

Áhrifamat

Breyting þessi felur ekki í sér stefnu um leyfisveitingar til framkvæmda, sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og er hún því ekki háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Breytingin er óveruleg og hefur hvorki áhrif á ósnortna náttúru, jaðmyndanir og vistkerfi, sem njóta sérstakrar verndar, verndarsvæði né skráðar fornminjar. Breytingin hefur ekki í för með sér neikvæð áhrif á nágranna eða landnotkun og nýtingu aðliggjandi svæða.

Breyting á greinargerð

Kafli 4.7 Iðnaðarsvæði

Breytingin gefur ekki tilefni til breytingar á texta greinargerðar en lína með númeri landnotkunarreits 1.43.8 I bætist við töflu.

Breytt skipulag

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
1.43.8 I	-	Dreifistöð raforku við Síðubraut	Óskipulagt óbyggt	Uppbygging skv. deiliskipulagi

Breyting á þéttbýlisuppdrætti

Svæði 1.43.8 I: Sett er inn hringtákn (sbr. merkingar fyrir dælustöðvar fráveitu) fyrir iðnaðarsvæði við gatnamót Hlíðarfjallsvegar og Síðubrautar. Afmörkun og stærð lóðar verður skilgreind í deiliskipulagi.

Þéttbýlismörkum er breytt lítillega þannig að það svæði, sem gert verður deiliskipulag af vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar verði innan þeirra. Útvíkkun þéttbýlismarka nemur um 1,3 hektörum.

Breyting á sveitarfélagsuppdrætti

Þéttbýlismörkum er breytt sbr. þéttbýlisuppdrátt.

SKÝRINGAR

LANDNOTKUN

- Mörk skipulagssvæðis
- Þéttbýlismörk
- Íb Íbúðarsvæði
- S Svæði fyrir þjónustustofnanir
- M Miðsvæði, miðbær
- V Verslunar- og þjónustusvæði
- A Athafnasvæði
- H Hafnarsvæði, flugvallarsvæði
- I Iðnaðarsvæði
- F Svæði fyrir frístundabyggð
- Óbyggð svæði
- O Opin svæði til sérstakra nota
- R Sorpförgunarsvæði
- Hverfisverndarsvæði
- Náttúruverndarsvæði, fólkvangur
- Náttúruverndarsvæði, svæði á náttúruminjaskrá
- Strandsvæði í flokki B
- E Efnistökusvæði
- Landfylling
- Ný strandlína, útgrafið
- Fornminjar
- Blönduð landnotkun
- Stofnanasvæði með útivistargildi

Grunnkort:
Umhverfisdeild Akureyrar
Myndmældur hæðarlínugrunnur

ÞJÓNUSTUKERFI

- Stofnbraut
- Tengibraut
- Aðrir vegir/götur
- Aðalstígar
- Útivistarstígar
- Reiðleiðir
- R Flutningslínur rafveitukerfis Loftlínur
- R Svæði fyrir háspennulínur, línufjöldi ekki tilgreindur
- R Flutningslínur rafveitukerfis Jarðstrengir
- H Aðveitulögn hitaveitu
- V Aðveitulögn vatnsveitu
- F Útrás fráveitu
- L Ljósleiðari
- D Dælustöðvar fráveitu og fráveitumannvirki

Aðalskipulagsbreyting þessi sem hlotið hefur meðferð skv. 2. mgr 36. gr skipulagslaga nr. 123/2010. var samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar þann _____.

_____
bæjarstjórinn á Akureyri

Breytingartillagan var auglýst þann _____.

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____.

_____ _____

Staðfesting var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann _____.

AÐALSKIPULAG AKUREYRAR 2005-2018

BREYTING
Dreifistöð raforku við Síðubraut

Skipulagsdeild Akureyrarbæjar Mælikvarði 1:10.000, 1:30.000 Dags. 8. apríl 2011

TEIKNISTOFA ARKITEKTA
GYLFI GUÐJÓNSSON OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí
KAUPANGI VIÐ FRAMVEGI 20 600 AKUREYRI SÍMI 461 5508
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 3 101 REYKJAVÍK SÍMI 552 5740
NETFANG: grk@grk.is VEFFANG: www.vilhelm.is